

**FUNDARGERÐ 10. stjórnarfundar haldinn í Reykjavík 30. maí 2008 kl. 15:00 og 2. júní.**

Mætt:

Aðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýr Atladóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson og Elín Heiða Valsdóttir.

Áheyrnarfulltúi: Magnús Hallgrímsson

Í síma: Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir.

Forföll boðaði: Rúnar Pétursson.

Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri

1. *Samþykkt dagskrár.*

- Bæta við umræðu um Hoffell og Breiðabólstaðarbæi.

2. *Samþykki fundargerðar 9. stjórnarfundar 15. maí 2008.*

- Samþykkt.

3. *Samningaviðræður við landeigendur og ábúendur.*

Samningum lokið. Gerðir voru samningar við ábúendur á Einarstöðum, Valþjófsstað, Glúmsstöðum og Glúmsstaðarseli.

Hjalti kom því að að halda ætti áfram viðræðum við landeigendur Breiðabólstaðarbæja.

Einnig að viðræður verða teknar upp seinna í sumar við eigendur að Hoffelli.

Fram kom að yfirlýsing verður gefin út um að svæði við Langasjó komi inn á í þjóðgarðinn um mitt næsta ár.

4. *Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð - lokaumræða*

Dýrleif Kristjánsdóttir, lögfræðingur fór ítarlega yfir lokadrög að reglugerðinni og fram komu smávægilegar tillögur að breytingum. Drögin verða nú send með formlegum hætti til umhverfisráðuneytisins.

5. *Stofndagur Vatnajökulspjóðgarðs 7. júní 2008- útfærsla*

- Fyrirkomulag verður að fundarstjórar á hverjum stað stýra dagskrá:
  - Jökulsárgljúfur: Ólöf Ýr Atladóttir
  - Skriðuklaustur: Magnús Jóhannesson
  - Skaftafell: Anna Kristín Ólafsdóttir
  - Kirkjubæjarklaustur: Þórunn Pétursdóttir

6. *Rekstrarmál:*

- *Þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri – ákvörðun um ráðningu*

Eiríkur Björn Björgvinsson vék af fundi.

Svæðisráð Austursvæðis mælir með að Agnes Brá Birgisdóttir verði ráðin í starf þjóðgarðsvarðar á Skriðuklaustri.

Ákvörðun var frestað til framhaldsfundar 2. júní, þar sem fundarmenn óskuðu eftir viðbótartíma til að yfirfara gögn umsækjenda, en þar var tillaga svæðisráðs samþykkt samhljóða.

- *Stafafell í Lóni; landvarðar- og upplýsingastöð – umræða*
  - Lagt til að rétt yrði áfram við eigendur að Stafafelli í Lóni.
- *Sjálfbodaliðar 2008-staða*

Engin breyting verður á starfsemi sjálfbodaliða frá árinu 2007
- *Fáni*

Sýnd ný útfærsla á merki þjóðgarðsins í fána, blátt merki á hvítum grunni og svartir stafir.
- *Heimasíða*
  - Ákveðið að heimasíðan opni seinna í sumar og verði vistuð hjá Hátíðni á Höfn.
- *Framkvæmdir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum – framvinda*

Framkvæmdir í Skaftafelli eru nokkurn veginn á áætlun. Ráðist var í viðbótarframkvæmdir í eldhúsi og er áætlað að þeim ljúki í lok viku 24 svo og lýkur framkvæmdum á snyrtihúsi á tjaldsvæði ekki að fullu fyrr en í viku 26. Í Jökulsárgljúfrum er stærstu framkvæmdum að mestu lokið, frágangi á palli og málun í Vesturdal lýkur fyrir lok júní. Varðandi landvarðahús í Blágiljum þá er beðið eftir hugmyndum að útliti frá arkitektum (Arkís). Einnig er unnið að gerð deiliskipulags (Landmótun) Kanna þarf útfærslu á vatnsöflun og hreinlætisaðstöðu í Blágiljum í samvinnu við Skaftárhrepp.
- *Skrifstofuhúsnæði-ráðning starfsmanns.*
  - Lagt til að skoðað verði með annað húsnæði fyrir skrifstofuhald í Reykjavík og að auglýst verði eftir starfsmanni þar í 50% starf, fyrst og fremst bókhalds- og launaumsýsla.

## 7. Önnur mál

- *Jörðin Ásbyrgi*

Umhverfissráðuneytið mun hafa frumkvæði að koma á viðræðum við Skógrækt ríkisins um breytta umsjón með jörðinni.
- *Gestastofa á Mývatni*
  - Umræðu frestað.

## 8. Næsti stjórnarfundur

Verður boðaður sérstaklega.

Fundargerð ritaði ÞHÓ 220708